



Aðalfundur Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu ( FASK )

**Aðalfundur FASK verður haldinn fimmtudaginn 27. Apríl 2023 kl. 17.00, fundurinn er haldinn á Smyrlabjörgum.** Mættir: Ágúst Elvarsson, Laufey Guðmundsdóttir, Bergþóra Ágústsdóttir, Haukur ingi Einarsson, Óskar Arason, Einar Kristjánsson, Laufey Helgadóttir, Sigurlaug Gissurardóttir, Kristján Guðnason, Birna Þrúður Sigurbjörnsdóttir, Atli Már Björnsson, Tinna Rut Sigurðardóttir, Sigurður Guðmundsson

Fundargerð ritar Haukur Ingi Einarsson

Fundarstjóri kosinn Kristján Guðnason

### **Dagskrá fundarins:**

1. Skýrsla stjórnar ásamt félagaskrá:

Haukur gerði grein fyrir skýrslu stjórnar og starfsáætlun næsta árs og að fundarmönnum væri heimilt að ganga í félagið með því að skrá sig fyrir á fundinum. Þeir aðilar sem skráðu sig fyrir félagsgjöldum voru: Laufey Guðmundsdóttir, Guðlaugur J. Þorsteinsson, Fallastakkur ehf, Tinna Rut Sigurðardóttir, Ágúst Elvarsson, Jökulsárlón ehf, Niflheimar ehf, Birna Þrúður Sigurbjörnsdóttir, Óskar Arason, Iceguide ehf, South east ehf, Marina Travel ehf, Pakkhús veitingar ehf, Hótel Smyrlabjörg, Brunnhóll guesthouse, Haukur Ingi Einarsson, Glacier Adventure ehf.

2. Ákvörðun um árgjald:

Haukur gerði grein fyrir því að stjórn legði til óbreytt árgjald fyrir félagsmenn, fyrirtæki greiði ennþá 12.500.- og einstaklingar 6.250.-. Samþykkt samhljóða

3. Ársreikningur:

Bergþóra gerði grein fyrir ársreikning félagsins, tekjur voru samtals 244.014.- kr og kostnaður 67.796.- kr og Fjármunatekjur 3.352.-. Hagnaður var 179.570.-. Handbært fé félagsins er 774.636.- kr.

4. Lögð fram starfsáætlun næsta árs:

Haukur gerði grein fyrir málinu undir lið nr 1.

5. Kosning stjórnar og tveggja skoðunarmanna:

Í stjórn voru kosin, Óskar Arason, Ágúst Elvarsson, Tinna Rut Sigurðardóttir, Laufey Guðmundsdóttir, Haukur Ingi Einarsson og til vara Atli Már Björnsson. Samþykkt samhljóða af öllu fundarmönnum.

6. Önnur mál.

Undir þessum lið sköpuðust meðal annars umræður um gæðakerfi, gjaldtöku, málefni tengdum atvinnustarfsemi innan Vatnajökulspjóðgarðs og mikilvægi þess að FASK og Sveitarfélagið Hornafjörður vinni saman að málefnum tengdum atvinnustefnu Vatnajökulspjóðgarðs.

Sigurlaug hvatti stjórn um að taka til skoðunar endurútgáfu á gönguleiðakortum í sýslunni, Öræfum, Mýrum og Suðursveit saman og Nesjum, með einhverju formi hvort sem það yrði rafrænt eða í prenti eða hvorutveggja. Ennfremur gerði hún grein fyrir að lítið átti eftir að vinna að korti fyrir Lón og hvatti hún stjórn til skoða hvað þarf að gera til að klára þá vinnu.

Fundi slitið 18:08